



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 15. september 2026
MIR26060017

Reglur menningarráðs um úthlutun styrkja og gerð samstarfssamninga á sviði menningarmála.

Á fundi menningarráðs 28 ágúst sl. var lögð fram tillaga stýrihóps um breytingar á reglum vegna úthlutunar styrkja og gerð samstarfssamninga úr borgarsjóði á sviði menningarmála. Breytingarnar voru samþykktar á fundinum og vísað til borgarráðs sem óskaði eftir umsögn skrifstofu borgarstjórnar. Umsögn og athugasemdir voru sendar menningar- og íþróttasviði 2. september sl.

Á fundi menningarráðs 11. september sl. voru endurskoðaðar reglur lagðar fram að nýju, samþykktar og vísað til borgarráðs. Endurskoðaðar reglur menningarráðs eru í samræmi við styrkjareglur Reykjavíkurborgar og er mælt með því að borgarráð staðfesti þær.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar



Reykjavík